



Til stjórna fyrirtækja í ríkiseigu
og stjórnar Bankasýslu ríkisins

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 6. janúar 2017

Tilv.: FJR17010045/11.0

Efni: Ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins falla undan ákvörðunarvaldi kjararáðs, sbr. lög nr. 130/2016


Bréf þetta er sent stjórnnum þeirra félaga í meirihlutaeigu ríkisins, sem falla undir almenna eigandastefnu ríkisins í hluta- og sameignarfélögum, í tilefni þess að ný lög um kjararáð voru samþykkt á Alþingi 22. desember 2016 og öðlast gildi 1. júlí 2017. Bréfið er einnig sent í upplýsingaskyni til stjórnar Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laganna felst í þeim „að ákvörðun kjara framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og framkvæmdastjóra félaga sem eru í eigu hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins verði færð aftur til viðkomandi stjórna þar sem stjórnin semdi um laun og starfskjör framkvæmdastjóra á grundvelli starfskjarastefnu félagsins og settrar eigandastefnu ríkisins í félögum“. Þannig mun ákvörðun launa og starfskjara fyrrgreindra aðila falla undan ákvörðunarvaldi kjararáðs frá og með 1. júlí 2017.

Í tilefni af þessari breytingu vill ráðuneytið benda á þá skyldu stjórna að við ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdastjóra og starfsmanna félagsins almennt verði fylgt ákvæðum eigandastefnu ríkisins um að félög í eigu ríkisins skuli „...setja sér hóflega en samkeppnishæfa launastefnu“. Þetta felur meðal annars í sér að launastefna félags í meirihlutaeigu ríkisins skuli ekki vera leiðandi, eins og áréttað er í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá 2009. Þá skal horft til ábyrgðar og árangurs við ákvörðun um starfskjör og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.


Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á mikilvægi þess að stjórnir hafi í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi. Æskilegt er að launaákvæðanir séu varkárar, að forðast sé að ákvarða miklar launabreytingar á stuttu tímabili en þess í stað gætt að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti til samræmis við almenna launaþróun. Æskilegt er að laun og kjör séu eins einföld og gagnsæ og kostur er.

Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til stjórnna að bréf þetta verði kynnt á stjórnarfundum og haft til hliðsjónar við launaákvæðanir. Einnig er þess óskað að bréfið verði sent dótturfélögum, þar sem ákvæðanir um laun framkvæmdastjóra hafa fallið undir kjararáð.



Guðmundur Árnason

Fyrir hönd ráðherra



Sigurður H. Helgason